

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 19.febrúar 2024 kl. 14:00. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Bjarnheiður J. Fossdal Melum1, Delphine Briois Kjörvogi, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi eru í fjarfundi.

### **Dagskrá:**

1. Staðan á ljósleiðara- og þrífösunarmálum.
2. Staðan á framkvæmdum við Norðurfjarðarhöfn.
3. Áætlanir um byggingu starfsnámshúss á Ísafirði, lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Innviðaráðuneytinu varðandi innheimtu á gjöldum á einkaréttarlegum grundvelli. Pósti heftur verið svarað.
5. Útleiga á Kaffi Norðurfirði, framvindan í málinu.
6. Póstur frá Umhverfisstofnun, varðar tilnefningu í vatnasvæðanefnd.
7. Samantekt varðandi Strandanefnd.
8. Bréf frá Orkusjóði. 24.janúar 2024
9. Fundargerð frá samráðsfundi sveitarfélaga á Ströndum 10.nóvember s.l.
10. Sorpsamlag Strandasýslu, aðalfundur/stjórnarfundur nýbúinn.
11. Bréf frá Óbyggðanefnd vegna þjóðlendumála varðandi eyjar, sker og hólma við Ísland.
12. Stjórnsýsluskoðun, póstur frá Sesselju.
13. Römpum upp Ísland, ákveða hvað gert verður.
14. Bréf frá Matvælaráðuneyti varðandi búfjárbæit.

1. Staðan á ljósleiðara- og þrífösunarmálum. Búið er að senda út reikninga fyrir afnotagjöldum fyrir árið 2023. Athuga þarf hvernig staðan er á því hver innheimtir afnotgjöld svo að ekki sé verið að tvírukað fyrir þau. Oddviti fer á fund með Orkubúi í mars, sveitarstjórn sættir sig ekki við að farið verði jafn seint af stað á þessu ári og gert var á síðasta ári. Sveitarfélagið þarf að fá nánari upplýsingar hjá OV varðandi hvar búið er að leggja 3ja fasa streng t.d. í Norðurfirði og hvenær þeirri vinnu lýkur og einnig í nágrenni Gjögurs. Farið verður yfir kostnað hjá Telnet haustið 2023.

1. Staðan á framkvæmdum við Norðurfjarðarhöfn. Framkvæmdasjóður er búinn að greiða kr 22.000.000,- sem er ca 40% af útlögðum kostnaði. Arinbjörn vinnur að greinargerð varðandi málið. Nú eru ca. tveir mánuðir þar til verkinu á að vera lokið sem mun þó varla nást og því þurfa verkefnisstjóri og oddviti að vera í sambandi við Framkvæmdasjóð. Keyptir verða björgunarhringir fyrir báðar bryggjurnar.
  
1. Áætlanir um byggingu starfsnáms húss á Ísafirði, lagt fram til kynningar. Málið er í athugun og fleiri upplýsingar verða lagðar fram síðar.
2. Bréf frá Innviðaráðuneytinu varðandi innheimtu á gjöldum á einkaréttarlegum grundvelli. Pósti hefur verið svarað. Lagt fram til kynningar.
3. Útleiga á Kaffi Norðurfirði, framvindan í málinu. Rætt var um atriði varðandi leiguupphæð og fleira í sambandi við væntanlega leigjendur. Ákveðið var að óska eftir bankatryggingu eða eins mánaðar leigugreiðslu fyrirfram. Einnig var rætt um nýtingu á heimasíðu, netfang og tengingar, og verður málið skoðað betur.
4. Póstur frá Umhverfisstofnun, varðar tilnefningu í vatnasvæðanefnd. Hreppsnefnd tilnefndu Bjarnheiði J. Fossdal sem fulltrúa sinn í Vatnasvæðanefnd.
5. Samantekt varðandi Strandanefnd. Arinbjörn fór yfir málin og mun halda okkur upplýstum.
6. Bréf frá Orkusjóði. 24.janúar 2024. Orkusjóður/Blámi stendur að ýmsum verkefnum, m.a. á Vestfjörðum. Hreppsnefnd ákvað að hafa samband og kynna sér málið betur.
7. Fundargerð frá samráðsfundi sveitarfélaga á Ströndum 10.nóvember s.l. Fundargerð lögð fram til kynningar og umræðu.
8. Sorpsamslag Strandasýslu, aðalfundur nýbúinn. DB talaði um það sem var tekið fyrir á fundinum, sorpsamslagið vinnur að því að gera samninga við fyrirtæki. Tunnur við heimili eru ekki valkostur í Árneshreppi vegna kostnaðar. Tillaga var gerð um svo kallaðar bortnagnastöðvar. Stefnt er að því að halda upplýsingafund fyrir íbúa þegar málin skýrast.
9. Bréf frá Óbyggðanefnd vegna þjóðlendumála varðandi eyjar, sker og hólma við Ísland. Hreppsnefnd ræddi bréf Óbyggðanefndar og mun fylgjast með málinu. Ákveðið var að setja bréfið á heimasíðu hreppsins og setja það upp í búiðinni.
10. Stjórnsýsluskoðun, póstur frá Sesselju. 1)Hreppsnefnd fór yfir Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018. Liður b. í 2.grein varðandi stjórn Sorpsamlags Strandasýslu fellur niður þar sem Árneshreppur hefur engan í stjórn en er nú með áheyrnarfulltrúa. Samþykktin verður tekið til seinni umræðu á næsta fundi hreppsnefndar. 2) Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Árneshreppi. Samþykkt þessi verður send Innviðaráðuneytinu til samþykktar 3) Samningur vegna Velferðarþjónustu Vestfjarða var samþykktur á fundi hreppsnefndar Árneshrepps

Þ.14.september 2023. Þessi samþykkt verður send Innviðaráðuneyti.

312.

1. Römpum upp Ísland, ákveða hvað gert verður. Hreppsnefnd ákvað að taka málið fyrir aftur síðar.
2. Bréf frá Matvælaráðuneyti varðandi búfjárbætur. Bréfið var rætt og ákveðið að taka málið upp við bændur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30.